

## *Minnisblað*

Viðtakandi: **Velferðarnefnd Alþingis**  
Sendandi: **Heilbrigðisráðuneytið**  
Dagsetning: **19.01.2021**  
Málsnúmer: **HRN20080165**  
Bréfalykill: **02.11.01**

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á sóttvornalögum, nr. 19/1997 (opinberar sóttvarnaráðstafanir)

Með tölvupósti, dags. 14. janúar 2021, óskaði framsögumaður málsins eftir afstöðu ráðuneytisins til umsagna sem nefndinni hafa borist um frumvarp til laga um breytingu á sóttvornalögum. Þar var sérstaklega vikið að umsögnum Lögmannafélags Íslands, Landspítala, Læknafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins en einnig bent á að fleiri umsagnir hefðu borist og að ráðuneytið kynni að telja þörf á að bregðast við þeim.

### **I. Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands (LMFÍ)**

Í umsögninni kemur fram að LMFÍ er almennt jákvætt um efni frumvarpsins en gerir athugasemdir við þrjár greinar frumvarpsins.

Ráðuneytið telur að rétt geti verið að bregðast við athugasemd LMFÍ þess efnis að betur færi á því að afmarka nánar umfang og takmörk mögulegrar skerðingar atvinnufrelsis í 10. gr. frumvarpsins með stöðvun atvinnurekstrar. Slíkt megi gera, líkt og LMFÍ bendir á, með því að færa að nokkru marki skýringar við umrætt ákvæði úr greinargerð inn í ákvæðið sjálft. Aftur á móti bendir ráðuneytið á að löggin þurfa að geta nýst vegna útbreiðslu annarra sjúkdóma en COVID-19 sem kunna að smitast með öðrum leiðum. Því getur verið varhugavert að afmarka heimild til stöðvun atvinnurekstrar einungis við það hvernig COVID-19 sjúkdómurinn smitast. Unnt væri að bregðast við þessari athugasemd með því til dæmis að bæta málslið aftan við d-lið 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins þar er lögð til eftirfarandi breyting á 12. gr. laganna: „Ekki skal stöðva atvinnurekstur nema að því marki sem starfsemin felur í sér áhættu á útbreiðslu farsóttar, svo sem vegna fjölda fólks sem þar kemur saman eða návígis þess eða snertingar.“

Einnig setur LMFÍ fram athugasemd varðandi það hvenær eru teknar stjórnvaldsákvæðanir samkvæmt 12. gr. frumvarpsins og hvort rétt væri að takmarka gildissvið stjórnsýslulaga við töku ákvæðana, sbr. 1. og 2. másl. 5. mgr. 12. gr. Ákvæðið hljóðar svo: „Áður en tekin er stjórnvaldsákvörðun um aðgerðir skal þess freistað að ná samstarfi við hlutadeigandi um videigandi og hóflegar aðgerðir þar sem fylgt skal tilteknum fyrirmælum og reglum. Takist það ekki tekur sóttvornalæknir stjórnvaldsákvörðun í máli hlutadeigandi að undangenginni málsmeðferð samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga, eftir því sem við getur átt.“

Ráðuneytið telur ljóst af framangreindu orðalagi að takist samstarf við hlutadeigandi um videigandi og hóflegar aðgerðir teljist það ekki stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og því gildi löggin ekki um slíkt samstarf. Aftur á móti sé ljóst að þegar taka þarf stjórnvaldsákvörðun í máli, sbr. 2. másl. 5. mgr. 12. gr. frumvarpsins, þá gilda stjórnsýslulögin, þ.m.t. málsmeðferðarreglur laganna. Ráðuneytið telur því alveg skýrt í hvaða tilvikum stjórnsýslulögin eigi við og hvenær ekki. Ráðuneytið taldi ekki rétt að afnema þær réttaröryggisreglur sem stjórnsýslulögin veita borgurunum í þessum málum þrátt fyrir að taka þurfi ákvæðanir hratt og með skömmum fyrirvara. Reglur stjórnsýslulaganna eru almennt matskenndar og kröfur þeirra því breytilegar eftir ákvörðunum hverju sinni. Í málum þar sem málshraði skiptir öllu máli eru gerðar minni kröfur til rannsóknar máls.

Varðandi athugasemd LMFÍ um kærufrest í 14. gr. frumvarpsins tekur ráðuneytið fram að þetta kom til skoðunar hjá starfshópi þeim er samdi drög að frumvarpinu. Það var þó mat starfshópsins að hversu langur sem kærufrestur væri samkvæmt sóttvarnalögum mætti almennt gera ráð fyrir að ef ætlunin væri að kæra úrskurð í þessum málum yrði það gert samstundis eða eins fljótt unnt er. Aftur á móti væri ekki útilokað að sá sem úrskurðaður væri í einangrun í 15 sólarhringa vildi og hefði lögvarða hagsmuni af því að kæra úrskurð eftir nokkra daga í einangrun. Því var það talið óþarfa réttindaskerðing þessara aðila að stytta kærufrestinn niður í örfáa daga. Ráðuneytið setur sig þó ekki sérstaklega á móti því ef fresturinn yrði stytur í frumvarpinu.

## II. Umsögn Landspítala

Í umsögninni kemur meðal annars fram að ástæða væri til að taka lög in til gagn Gerrar endurskoðunar. Bent er á að æskilegt sé að skýra yfirstjórn sóttvarna betur, þ.e. hlutverk sóttvarnalæknis annars vegar og landlæknis hins vegar, gagnvart stjórnsýslulegri ábyrgð hvernig það fyrirkomulag fer saman við lög um landlækni og almannavarnir. Þá sé ástæða til að skýra hlutverk sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana í faröldrum.

Ráðuneytið tekur að vissu leyti undir framangreint og bendir á skilabréf starfshóps þess sem gerði drög að frumvarpinu þar sem sambærileg sjónarmið koma fram. Ráðuneytið bendir þó á að óheppilegt hafi verið talið að gera miklar breytingar á stjórnsýslu sóttvarnamála í miðjum heimsfaraldri, eftir atvikum með þeim afleiðingum að hlutverki helstu persóna og leikenda, svo sem sóttvarnalæknis eða landlæknis, yrði breytt. Því telur ráðuneytið betra ef slík endurskoðun biði heildarendurskoðunar laganna.

Í umsögninni er jafnframt bent á að æskilegt væri að fjalla um sóttvarnahús og hlutverk þeirra, enda sé það mat Landspítala að æskilegt væri að unnt væri að leggja þar inn fólk til sóttkvíar og einangrunar. Ráðuneytið tekur fram að í núgildandi lögum er ekki fjallað um sóttvarnahús eða hlutverk þeirra. Ráðuneytið telur að líkt og um stöðu eða hlutverk einstakra sjúkrahúsa þurfi að huga að því við heildarendurskoðun laganna hvort lögfesta eigi skyldu ríkisins til að reka sóttvarnahús þegar farsótt geisar og þá hvert yrði hlutverk slíkra sóttvarnahúsa. Ekki er talin þörf á því með þessu frumvarpi.

Athugasemdir í tölulíðum:

1. Hugtakið ferðamaður er sambærilegt því sem notað er í alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni. Aðgerðir sem beint er að ferðamönnum er kveðið á um í 11. gr. frumvarpsins og það á einungis við um þá sem ferðast milli landa. Um þá sem ferðast innanlands fer eftir sóttvarnaráðstöfunum innanlands, sbr. 12., 14. og 15. gr. laganna.
2. Hugtakið inngrip er það sama og í alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni. Ef fallist yrði á athugasemd Landspítala má vænta þess að fleiri læknisskoðanir teldust inngrip sem myndu draga úr heimildum stjórnvalda til slíkra aðgerða, meðal annars á landamærum.
3. Ráðuneytið telur að það geti verið til bóta að lagfæra skilgreiningu á sóttthreinsun í samræmi við athugasemd Landspítala.
4. Núgildandi lög gera einnig ráð fyrir einangrun á sjúkrahúsi óháð veikindum viðkomandi. Ráðuneytið telur ekki ráðlegt að draga úr heimildum sóttvarnaryfirvalda um hvar einstaklingar eru vistaðir.
5. Athugasemd þessi vísar til 2. mgr. 7. gr. núgildandi laga og telur ráðuneytið því óþarft að bregðast við henni.

## III. Umsögn Læknafélags Íslands (LÍ)

Í umsögn LÍ er meðal annars vikið að stöðu sóttvarnaráðs og þeim breytingum sem frumvarpinu er ætlað að gera á hlutverki þess. Ráðuneytið bendir á að breytingar á hlutverki sóttvarnaráðs séu litlar og var fyrst og fremst ætlað að afnema þá skörun við hlutverk sóttvarnalæknis sem leiðir af

núgildandi lögum. Að öðru leyti er vísað til þess sem áður hefur komið fram af hálfu ráðuneytisins að ekki hafi verið stefnt að því að breyta stjórnslu sóttvarnamála með frumvarpinu.

Auk þess er í umsögninni komið inn á nokkur atriði í frumvarpinu en ráðuneytið telur umsögnina ekki gefa tilefni til frekari viðbragða eða skýringa af þessu hálfu.

#### IV. Umsögn Samtaka atvinnulífsins (SA)

Í umsögninni er meðal annars vikið að því að fleiri ráðherrar ættu að koma að tilteknum opinberum sóttvarnaráðstöfunum. Ráðuneytið vísar aftur til þess að ekki var ætlunin með frumvarpinu að breyta stjórnslu sóttvarnamála. Þá bendir ráðuneytið einnig á að hefur verið litið svo á að ákvarðanir heilbrigðisráðherra um opinberar sóttvarnarádstafanir, svo sem samkomubann eða lokun skóla, teljist almennt til mikilvægra stjórnarmálefna, sbr. 17. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt því ber almennt að halda ráðherrafundi um slík mál. Tekið skal fram að í yfirstandandi faraldri hefur heilbrigðisráðherra farið með þessi mál fyrir ríkisstjórn. Þá vill ráðuneytið benda á að ríkisstjórn Íslands er ekki fjölskipað stjórnvald og samkvæmt stjórnarskránni ber ráðherra ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, hver á sínu málefnasviði. Aðkoma margra ráðherra að ákvörðunum er því almennt ekki í samræmi við í stjórnskipan Íslands og meðal annars til þess fallin að gera það óskýrara hver ber ábyrgð á umræddum ákvörðunum.

Í umsögninni kemur fram gagnrýni á gildissvið frumvarpsins en ráðuneytið bendir á að það er óbreytt frá núgildandi lögum þar sem segir í 2. gr.: „Lög þessi fjalla um sjúkdóma og sjúkdómsvalda sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill, svo og aðrar alvarlegar næmar sóttir. Með sjúkdómum er átt við sjúkdóma eða smitun sem smitefni, örverur eða sníkjudýr valda og einnig alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar eitrefna og geislavirkra efna. Lögin taka einnig til óvenjulegra og óvæntra atburða sem geta haft alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar meðal þjóða heims.“

Hugtakið farsótt í frumvarpinu var samið af fyrrverandi sóttvarnalækni sem átti sæti í starfshópi ráðherra og er í samræmi við viðtekinn skilning faraldsfræðinnar á hugtakinu. Það er jafnframt í samræmi við gildissvið laganna.

Að mati ráðuneytisins gefur umsögn SA ekki tilefni til frekari athugasemda.

Aðrar fram komnar umsagnir við frumvarpið gefa ekki tilefni til athugasemda af hálfu ráðuneytisins.